

Tillögur að breytingum á 12. gr. í samþykktum Birtu á ársfundi 2019:

12.2 Eftirlaunlífeyrir ákvarðast af því iðgjaldi, sem greitt hefur verið til sjóðsins vegna sjóðfélagsans sbr. þó ákvæði 12.9 um gagnkvæma og jafna skiptingu eftirlaunlífeyrisréttinda. Iðgjald sem greitt er fyrir 67 ára aldur veitir réttindi í samræmi við Töflu I og iðgjald sem greitt er eftir 67 ára aldur í samræmi við Töflu III. Aldur sjóðfélaga er reiknaður sem aldur í lok þess mánaðar sem iðgjaldatímabil telst til.

12.5 Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku eftirlaunlífeyris allt til 80 ára aldurs, og hækkar þá upphæð eftirlaunlífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, í samræmi við ákvæði Töflu II. Réttindi sem áunnin eru eftir 67 ára aldur hækka í samræmi við ákvæði Töflu III. Greiða skal eftirlaunlífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn, hafi umsókn ekki borist.

12.6 Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku eftirlaunlífeyris, skulu réttindi hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri. Stjórn sjóðsins getur ákvarðað tíðari endurúrskurði vegna iðgjalda sem berast eftir að taka lífeyris hefst. Hækkun vegna frestunar reiknast á lífeyrisréttindi sem áunnin eru eftir að taka lífeyris hefst samkvæmt Töflu II og Töflu III.

#### Núverandi Tafla III – Eingreiðslutafla fellur út.

##### Ný Tafla III:

##### Iðgjald greitt eftir 67 ára

	<u>67-</u>	<u>68-</u>	<u>69-</u>
<u>Lífeyrisréttur pr 10.000</u>	<u>751</u>	<u>777</u>	<u>805</u>
<u>Lífeyrisaldur</u>	<u>68</u>	<u>69</u>	<u>70</u>

##### Hækkun réttinda frá upphafsgildi við frestun pr mán á aldri

<u>68-</u>	<u>0,62%</u>		
<u>69-</u>	<u>0,69%</u>	<u>0,64%</u>	
<u>70-</u>	<u>0,78%</u>	<u>0,72%</u>	<u>0,67%</u>
<u>71-</u>	<u>0,87%</u>	<u>0,81%</u>	<u>0,75%</u>
<u>72-</u>	<u>0,99%</u>	<u>0,92%</u>	<u>0,85%</u>
<u>73-</u>	<u>1,13%</u>	<u>1,04%</u>	<u>0,96%</u>
<u>74-</u>	<u>1,29%</u>	<u>1,19%</u>	<u>1,10%</u>
<u>75-</u>	<u>1,48%</u>	<u>1,37%</u>	<u>1,27%</u>
<u>76-</u>	<u>1,71%</u>	<u>1,59%</u>	<u>1,47%</u>
<u>77-</u>	<u>1,99%</u>	<u>1,85%</u>	<u>1,71%</u>
<u>78-</u>	<u>2,34%</u>	<u>2,17%</u>	<u>2,00%</u>
<u>79-</u>	<u>2,76%</u>	<u>2,56%</u>	<u>2,37%</u>

## Greinargerð:

Við sameiningu Stafa lífeyrissjóðs og Sameinaða lífeyrissjóðsins var kerfi réttindaöflunar Stafa uppistaða að réttindakerfi sameinaðs sjóðs. Hjá Stöfum og hjá Lífiðn áður var ekki gerð sérstök réttindatafla fyrir réttindaöflun eftir 67 ár, heldur miðað við að öll réttindaöflun eftir 67 ár miðaðist við sama stuðul og notaður er fyrir iðgjöld sem greidd eru á sextugasta og sjöunda aldursári, það er gildi réttindatöflu fyrir 66 ára aldur. Þau réttindi áttu svo að fá frestun fram að lífeyristökualdri, eða ef að réttinda var aflað eftir að taka lífeyris hófst þá var réttindaöflun frá töku lífeyris afgreidd í einu lagi, við 70 ára aldur.

Ákvæði um að réttindaöflun eftir að 67 ára aldri er náð skuli miðuð við réttindastuðul 66 ára er ekki að finna í samþykktum, en í réttindatöflum var skráð 66- í stað 66, til að gefa til kynna að stuðullinn gildi frá og með 66 ára aldri. Þessi aðferð við útreikninga á réttindaöflun eftir 67 ára aldur gefur heldur hærri rétt en fást myndi með nákvæmum tryggingafræðilegum útreikningi. Flestir lífeyrissjóðir eru með sér réttinda- og frestunartöflur vegna ávinnslu réttinda eftir 67 ára.

Réttindi fyrir 10.000 kr. iðgjald			
Ávinnsaldur	Lífeyrisaldur	Er	Verður
67	68	756	751
68	69	811	777
69	70	872	805

Ákveðin brotalöm er í texta samþykktanna, þar er aðeins tekið á réttindaöflun eftir að taka lífeyris hefst, ekki réttindaöflun ef sjóðfélagi heldur áfram að vinna án þess að hefja töku lífeyris.

Með tillögu að nýrri Töflu III og nokkrum breytingum á greinum sem lúta að töku eftirlauna er miðað við að taka upp sama hátt á útreikningi réttindastuðla fyrir réttindaöflun milli 67 ára og fram að 70 ára aldri og gilda um réttindaöflun sem á sér stað áður en 67 ára aldri er náð. Réttindaöflun hvers aldursárs er miðuð við að taka lífeyris hefjist eftir næsta afmælisdag. (Réttindi sem aflað er á 68. aldursári miðast við að taka lífeyris hefjist eftir 68 ára afmæli o.s.frv.)

Sérstakir frestunastuðlar gilda svo á þessi réttindi, miðað við upphaflegan lífeyrisaldur, sem einnig eru gefnir í Töflu III.

Engin tilvísun er í samþykktum Birtu í núverandi Töflu III – Eingreiðslutafla og eru því engin not fyrir að halda henni inni í samþykktum sjóðsins.